



22. árg. 3. tbl. 2013. Útgefandi: Ásatrúarfélagið, Síðumúla 15, 108 Reykjavík

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Haukur Dór Bragason — vorsidur@asatru.is

Umbrot og prentumsjón: Egill Baldursson

Allsherjarþing Ásatrúarfélagsins 2013

Allsherjarþing verður haldið í húsnæði Ásatrúar-
félagsins að Síðumúla 15 laugardaginn 2. nóvember kl. 14:00.

Dagskrá:

1. Skýrsla lögréttu, borin upp til umræðu og til staðfestingar.
2. Reikningar lagðir fram til umræðu og til staðfestingar.
3. Lagabreytingar og aðrar tillögur.
4. Kosið í lögréttu.
5. Kosning skoðunarmanna reikninga, nefnda og í aðrar trúnaðarstöður.
6. Önnur mál.

Allir félagar Ásatrúarfélagsins eiga rétt til setu á Allsherjarþingi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Atkvæðisréttur og kjörgengi miðast við 18 ára aldur.

Athygli er vakin á því að fimm ára kjörtímabili Allsherjargoða lýkur á þessu Allsherjarþingi. Starfandi goðar, sem setið hafa í a.m.k. fimm ár, eru kjörgengir. Eitt framboð hefur borist; Hilmar Örn Hilmarsson gefur kost á sér til áframhaldandi starfa. Hann telst því sjálfkjörinn skv. 15. gr. starfsreglna félagsins. Því er liðurinn *kjör Allsherjargoða* ekki á dagskrá.

Haustblót 2013

Laugardaginn 26. október verður haustblót félagsins haldið í Síðumúla 15. Sjá auglýsingu á næstu síðu.

Haustblót 2013

Laugardaginn 26. október verður haustblót félagsins haldið. Að þessu sinni verður blótað í félagsheimili okkar að Síðumúla 15.

Húsið opnar kl. 19 og blóttollur er 4000 kr. fyrir félagi og gesti þeirra. Hlaðborð verður á staðnum að venju og létt skemmtiatriði.

Vert er að taka fram að einungis eru 50 miðar í boði þannig að aðeins þeir sem panta nógu snemma geta sest að kjötkötlunum, eða eins og segir í Hávamálum:

Ár skal rísa,
sá er á yrkjendr fáa,
ok ganga síns verka á vit;

Hægt er að greiða fyrir miða með því að millifæra á reikning félagsins (0101-26-011444, kt. 680374-0159) eða með því að mæta í Ásatrúarfélagið á skrifstofutíma, sem er alla virka daga frá 13:30–16:30.

☞ Athugið að miðar verða **ekki** seldir við innganginn.

Starfsmaður Ásatrúarfélagsins

Ásatrúarfélagið er vaxið upp úr barnsskónum og með hverju árinu sem líður verður félagsstarfið umfangsmeira og tímafrekara. Undanfarin ár hefur reynst afar erfitt að sinna öllum þörfum félagsins og félagsmannanna með vinnuframlagi sjálfboðaliða eingöngu og var því tekin sú ákvörðun að ráða skrifstofumann í u.þ.b. hálf t. starf. Auglýst var eftir starfsmanni og alls sóttu 46 um starfið. Skipuð var nefnd lögréttumanna og utanaðkomandi fagmanns til að fjalla um umsóknirnar.

Erfitt var að velja úr stórum hópi hæfs fólks en á endanum voru sex manns boðaðir í viðtal. Fyrir valinu varð Íris Ellenberger sem nú er fyrsti starfsmaður Ásatrúarfélagsins og bjóðum við hana hjartanlega velkomna til starfa.


Íris Ellenberger kemur úr röðum heiðinna manna, en hún hefur verið félagi síðan 1998. Hún hefur víðtæka menntun og starfsreynslu og er alvön vinnu fyrir félagsamtök þar sem hún hefur starfað fyrir Amnesty International og verið virk í starfi ýmissa félagsamtaka, t.d. Samtakanna '78 og Sagnfræðingafélagsins. Íris er liðtæk í skrifum og útgáfu. Hún hefur því þegar fengið aðgang að vefmiðlum félagsins og mun framvegis einnig koma að útgáfu Vors síðar.

„Sigur hinna sígildu íslensku bragarhátta“

Þann 10. október hlaut lögréttumaðurinn Bjarki Karlsson bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir handrit að ljóðabókinni *Árleysi alda* og sama dag gaf bókaforlagið Uppheimar hana út. Verðlaunin veitir Reykjavíkurborg árlega á grundvelli umsagnar dómnefndar sem menningar- og ferðamálaráð borgarinnar og Rithöfundasamband Íslands tilnefna menn í. Val dómnefndar að þessu sinni þykir sæta tíðindum því að þetta er í fyrsta sinn sem rímuð og stuðluð ljóð undir hefðbundnum bragarháttum eru verðlaunuð.

„Ég lít fyrst og fremst á þessa viðurkenningu sem sigur hinna sígildu íslensku bragarhátta,“ segir Bjarki í samtali við Vorn sið. „Svo er ánægjulegt að verða þessa heiðurs aðnjótandi meðan ég starfa í lögréttu því að stofnandi félagsins okkar, Sveinbjörn Beinteinsson, vann ómetanlegt starf við varðveislu og endurnýjun þeirra miklu menningarverðmæta sem norræna skáldskaparhefðin er. Því má segja að ég hafi leitast við að fylgja eftir hinu mikilvæga ævistarfi hans á tvennum vígstöðvum. Ef það þykir ganga vel, þá er vel.“

Bókina má m.a. kaupa á skrifstofu félagsins eða panta hana á vefnum, asatru.is/boksala, á sérstöku tilboðsverði, kr. 2.500.



Í stað þess að gera heiðnina beinlínis að yrkisefni kemur hún eins og sjálfsagður hlutur í umhverfi annarrar frásagnar. Í kvæðinu *Ég er ekki að skilja (ást í framvinduhorfi)* er sú tíska að segja „er að“ um alla skapaða hluti í brennidepli en þegar giftingu ber á góma er sagt frá goða og jarðarmeni en ekki presti og altari, eins og einhverjir kynnu að búast við. Kvæðinu lýkur svona:

Við erum að ganga um gæfunnar brú,
goðinn að vígja okkur saman er nú.
Við jarðarmen ertu að játastr mér, frú,
og ég er að eiga þig.

Við erum að ganga um ævinnar braut
og erum að lifa í gleði og þraut.
Við erum að líða um aldanna skaut.
Ég er ekki að skilja — við þig.

Sumarblót í Skálanesi

Þann 22. júní fór ég á mitt fyrsta sumarblót hjá Ásatrúarfélaginu. Blót hafði verið auglýst í Skálanesi sem stendur yst í Seyðisfirði og þar sem mig hafði lengi langað til að koma þangað ákvað ég að slá tvær flugur í einu höggi, skoða mig um og sækja blót í leiðinni. Það er skemmst frá því að segja að ég varð ekki fyrir vonbrigðum. Veður var með ágætum og þar sem ekki er fært alla leið á blótsstað nema fyrir sérútbúnar bifreiðar ákvað ég að ganga frá Austdalsá. Þaðan er um klukkutíma gangur í Skálanes og er einkar fallett um að litast á leiðinni, fuglalíf mikið og útsýni jafnt til fjalla og strandar.

Þegar komið var í Skálanes var nokkur hópur fólks kominn á staðinn og var haldið út í Skálanesbjarg þar sem blót skyldi helgað. Á meðan Baldur Pálsson Freysgoði var



Freysgoði með Hrafnhildi lögréttumanni.

við undirbúning fjölgaði ört í hópnum. Ég ætla að blótsgestir hafi verið um 50 og mun það vera með fjölmennari blótum sem haldin hafa verið í Austurlandsgoðorði. Mér þótti einkar áhugavert að fylgjast með undirbúningi goðans. Þar sem mikill fjöldi gesta var af erlendu bergi brotinn og að sækja sitt fyrsta blót útskýrði Baldur það sem fram fór jafnóðum. Hann talaði um hringinn, eldinn og vatnið, hringrás náttúrunnar og hvaða þýðingu hún hefði í ásatrúnni. Fuglalífið setti skemmtilegan svip á athöfnina, nokkrir lundar sátu við hlið okkar og fylgdust áhugasamir með. Jafnrétti mun hafa verið umtalsvert meira hjá ásatrúarmönnum en kristnum, og sagði hann okkur sögu af Jóhönnu Vopnfirðingagoða sem hefði leyst úr vandkvæðum sveitunga sinna með eftirminnilegum hætti.

Eftir athöfnina sjálfa var gestum boðið að spyrja um hvaðeina sem vekti forvitni þeirra. Ég átti langt og áhugavert samtal

við breskan lækni og líffræðing sem var gestur í Skálanesi og hafði ákveðið að kynna sér þennan forna sið fyrst tækifæri gafst. Honum þótti athöfnin áhugaverð og sagði að hann grunaði að nútímamaðurinn væri kominn svo langt frá náttúrunni að margir væru farnir að horfa til fornra gilda og trúarbragða í þeim tilgangi að tengjast umhverfi sínu aftur. Þetta þótti mér skemmtileg hugmynd. Ég tengdi sjálf við það að sitja úti í þessu stórfenglega umhverfi og hugsa um náttúruöflin, það er einhvern veginn svo auðvelt að skilja hvers vegna fólk persónugerði þau sem guði. Hann hafði sjálfur hætt að vinna við rannsóknir sem læknir og líffræðingur og hafið það sem

hann kallaði persónulega athugun á tengslum mannsins við umhverfi sitt. Hann vildi meina að við værum öll hluti af sama kerfi og það væri ekki vinsæl skoðun innan vísindaheimsins, og þá sérstaklega ekki lækna. Hann ferðaðist um fáfarna staði og skoðaði tengsl fólks á afviknum stöðum við náttúruna en sagðist sjálfur hvergi upplifa sig meira lifandi en í grafarþögn. Svo mörg voru þau orð.

Eftir athöfn var gengið aftur til Skálaness þar sem staðarhaldarar höfðu af rausnar-skap boðið fram húsnæði, forláta sólpall og grillastöðu fyrir gesti. Aðstaða er öll til fyrirmyndar og sátu menn sátir við mat, drykk og samræður fram eftir kvöldi. Að spjalli loknu fóru gestir að tínast heim, nokkrir gengu til baka í sumarnóttinni og nutu þeirra sérstöku aðstæðna að ganga í gegn um krúvarp með ströndina á hægri hönd og hreindýrahjörð á þá vinstri.

Ég er afskaplega þakklát fyrir að hafa fengið að upplifa þetta kvöld í góðum félags-skap. Frá blóti gekk ég fróðari, glaðari og sátari við tilveruna.

Nanna Vilhelmsdóttir

Hofsós svo hof megi rísa

Í síðasta mánuði samþykkti lögrétta að skjóta nýrri stoð undi fjármögnun hof-byggingar með því að setja á stofn styrktarmannakerfið Hofsós. Samþykktir sjóðsins verða bornar undir Allsherjarþingið 2. nóvember til staðfestingar svo að lögrétta verði bundin af þeim framvegis og geti ekki ráðstafað fénu í annað nema með samþykki Allsherjarþings. Þær er hægt að lesa á vefnum: asatru.is/hofsos.

Þess var og verður vandlega gætt að Hofsós verði aldrei neitt sem minnir á tíundarinnheimtu sumra trúfélaga. Enginn verður beittur þrýstingi til að styrkja sjóðinn, framlög í hann verða leynileg og það má aldrei gera upp á milli félags-manna á grundvelli þess hvort þeir hafi tekið þátt eða ekki. Stuðningur er val-frjáls og það þýðir að hann sé valfrjáls.

Styrktarmenn veita heimild fyrir mánaðarlegri skuldfærslu á kreditkort og velja sjálfir upphæð. Þeir geta hætt greiðslum hvenær sem er með einu símtali eða tölvuskeyti. Þeir sem vilja styrkja eru hvattir til að koma upplýsingum um nafn, kennitölu, kortategund, kortanúmer, gildistíma og mánaðarlega upphæð til skrifstofu félagsins, goða síns, lögsögumanns eða gjaldkera félagsins. Eins er hægt að skrá sig með því að hringja í Írisi á skrifstofunni í síma 561 8633. Af öryggisástæðum mælum við hins vegar eindregið gegn því að kortanúmer séu send í tölvupósti. Unnið er að því að koma upp öruggri greiðslugátt á vef félags-ins en þangað til látum við hefðbundnar aðferðir duga.

Frá Norðurlandsdeild Ásatrúarfélagsins

Norðurlandsdeild Ásatrúarfélagsins kunngjörir að Veturnáttablót á Akureyri verður haldið viku eftir fyrsta vetrardag, þ.e. laugardaginn 2. nóvember. Við ætlum síðan að nota tækifærið og blása til gleðskapar að blóti loknu með það að markmiði að norðanheiðingjar hittist, kætist og kynnist. Blótað verður við sal Zontafélagsins við Aðalstræti 54a kl. 21:00 og strax þar á eftir upphéfst gleði mikil í áðurnefndum sal. Boðið verður upp á snakk og ídyfu en menn eru beðnir um að koma með sín eigin drykkjarföng. Nánari upplýsingar verða á Facebook-síðunni *Norðlenskir heiðingjar* og hægt er að senda fyrirspurnir á ragnar@asatru.is. Vonumst til að flestir sjái sér fært að mæta.

Ragnar Ólafsson, Þveræingagoði

Salurinn okkar eins og nýr

Salur Ásatrúarfélagsins hefur gengið í gegnum miklar breytingar og aldrei litið betur út eftir að við fluttum í Síðumúlan. Byrjað var á að auka hillupláss á skrifstofunni en síðan voru keypt ný húsgögn í stað hinna níðpungu og plássfreku sem fyrir voru og höfðu alltaf verið okkur fjötur um fót við að gera salinn vistlegan. Eitt leiddi af öðru og fljótlega voru rifnar niður gamlar gardínur og dúkar sem enduðu í Góða hirðinum, veggir voru málaðir, gólf- og rimlagluggatjöld hreinsuð og gólfín að endingu bónuð. Að þessu loknu voru festir upp gallerílistar í salnum svo hægt væri að ráðast í sýningahald og pöntuð sandblástursfilma í gluggana svo héðan í frá sé hægt að hafa dregið frá gluggum og hleyptu birtu inn í salinn.

Salurinn okkar er nú orðið sannkallað menningarsetur heiðinna manna. Á miðvikudagskvöldum er leshringur starfandi. Alla laugardaga er húsið opið og þar sem fólk hittist og spjallar saman. Flesta laugardaga eru vönduð fræðsluerindi í boði og síðasta laugardag í hverjum mánuði er fræðsla um heiðinn sið ætluð siðfestufulki og aðstandendum þeirra. Annan hvern sunnudag er „þrjúbít“ þar sem fólki er boðið að horfa á kvikmyndir sem tengjast heiðni.

Nýjasti galdurinn í Síðumúlanum eru vandaðar sýningar á „heiðinni list“ á veggjum salarins. Um þessar mundir stendur yfir ljósmyndasýning Lárusar Sigurðarsonar og Hallmars Freys Þorvaldssonar; „Goð og gyðjur“ en þar má sjá goð og vættir úr norrænni goðafræði og eru ýmsir þjóðkunnir menn þar í hlutverkum.

Tilvalinn salur fyrir veislur, fundi og fyrirlestra

Í húsnæði félagsins er ágætur tækjabúnaður til fyrirlestrahalds og funda. Salurinn tekur vel 50 manns í sæti og til er borðbúnaður fyrir þann fjölda. Leiguverðið er sanngjarnt og félagsmenn fá afslátt af leigunni. Verið dugleg að kynna salinn okkar og nýtið hann sjálf, okkur veitir ekki af innkomunni.

Jóhanna Harðardóttir, Kjalnesingagoði



Njörður blótaður í Hveragerði

Þann 6. júlí var Njörður blótaður í lystigarðinum í Hveragerði. Þetta var fyrsta blótið sem ég fór á og ég vissi lítið hvað fyrir mig bæri þennan laugardag. Þegar ég kom í lystigarðinn var sólin farin að gægjast milli skýjanna en þó komu smá skúrir inn á milli. Allt í kring heyrði maður fuglana syngja og sá hvar sumarið var komið í trén. Á milli trjáanna í lítilli laut stóð Haukur Dór Bragason, Suðurlandsgoði, ásamt Kötlu Sigurðardóttur og Magnúsi Sigmundssyni. Þá var siðfestuathöfn Magnúsar nýlokið. Þau stóðu við lítið eldstæði og voru að reyna kveikja upp. Það gekk í fyrstu erfiðlega en tókst þó að lokum. Fólk tók að streyma á blótið og á örskotsstundu voru allir komnir svo að það gat hafist. Við mynduðum hálfhring umhverfis Hauk þar sem hann stóð hjá bálinu. Blótið var helgað Nirði, en hann er eftirlætisgoð Hauks sem miðlaði okkur af vísdómi sínum um goðið og hví hann hefði ákveðið að helga því þetta blót. Þar næst bauð hann Kötlu að stíga fram til sín þar sem hún flutti af mikilli einlægni siðfestuheit sín og drakk svo úr horni Hauks. Í lokin gekk hornið á milli manna og fengu þeir sem vildu að drekka heilla hvers sem þeir kusu.

Að loknu blóti var haldið upp með ánni í Hverhamar þar sem boðið var upp á kaffi, kökur, samlokur og fleiri kræsingar. Hátt í 50 manns mættu á blótið og 36 manns í kaffið. Mætingin var því einstaklega góð. Þetta var bæði skemmtilegt og fróðlegt og ég mæli eindregið með því, gott fólk, ef það er einhver þarna úti sem ekki hefur farið á blót, að mæta. Það verður lífsreynsla sem seint gleymist og ég mun hiklaust mæta aftur.

Björk Jónsdóttir

Frá lögsögumanni

Eftir rýsjótt sumar á Íslandi er komið haust. Laufin eru fallin af trjánum að mestu og haustveðrin skaka sér yfir okkur eins og óstöðvandi diskódansarar. Lífið er komið í nokkuð fastar skorður hjá okkur mannfólkinu sem og hjá félaginu. En nýjar skorður þó. Þann 1. september hóf Íris Ellenberger störf hjá félaginu sem starfsmaður á skrifstofu. Hún mun sinna venjubundnum skrifstofustörfum sem og tilfallandi verkefnum sem lögrétta og forsvarsmenn félagsins fela henni. Þetta verður til þess að skrifstofan er nú opin frá 13.30 til 16.30 alla virka daga. Síminn er 561 8633 og sem fyrr má einnig hafa samband við félagið með því að senda tölvupóst á netfangið asatru@asatru.is.

Í júní héldum við okkar árlega þingblót á Þingvöllum og fór það vel fram í alla staði. Rigningarsuddi setti þó svip sinn á blótið og mættu færri en vonast var til. Nokkur vel valin skemmtiatriði voru flutt fyrir gesti sem gerðu góðan róm að. Ekki skorti pylsur eða meðlæti og nóg var af kartöflusalati.

Þann 26. október verður haldið haustblót. Sú nýbreytni verður að fólk þarf að skrá sig fyrirfram á blótið og greiða við það tækifæri. Nánar er fjallað um það annars staðar í auglýsingu í blaðinu. Vakin er athygli á því að Allsherjarþingið verður ekki sama dag og haustblótið, heldur 2. nóvember.

Við höfum gengið ansi mikla þrautagöngu í tengslum við hofið sem við ætlum að byggja. Dregist hefur að veita okkur öll tilskilin leyfi og hefur steytt á ýmsum smáatriðum sem botn er nú kominn í. Allar líkur eru því á að við hefjum tilfærslu gróðurs og undirbúning á jarðvinnu á næstu vikum. En það er að því gefnu að ekkert óvænt stöðvi okkur.

Eins og áður segir verður Allsherjarþingið haldið 2. nóvember og lýkur þá kjörtímabili mínu og Bjarka Karlssonar, ritara lögréttu. Koskið verður í þau sæti og er öllum félögum Ásatrúarfélagsins frjálst að bjóða sig fram til lögréttu sem kjörgengi hafa á Allsherjarþingi skv. 5. gr. laga félagsins. Enn fremur verður koskið um tvo varamenn. Lenka Kovářová hverfur úr sæti varamanns í lögréttu þar sem hún hefur horfið á vit annarra verkefna í upprunalandi sínu, Tékklandi. Ég vil nota tækifærið og þakka henni fyrir allt það óeigingjarna starf sem hún vann fyrir félagið. Kjörtímabil Allsherjargóða rennur út á Allsherjarþingi. Hilmar Örn Hilmarsson gefur kost á sér aftur og ekkert móttframboð hefur borist.

Að vanda vil ég endilega hvetja þá sem hafa áhuga á að aðstoða okkur við opnu húsin á laugardögum eða vera með í framkvæmd blóta að hafa samband við mig á netfangið logsogumadur@asatru.is.

Að lokum minni ég á opnu húsin sem eru á laugardögum frá 14–16 að Síðumúla 15. Kaffi og gosdrykkir eru í boði ásamt gómsætu meðlæti í boði félagsins. Við hvetjum fólk til að taka með sér gesti á opnu húsin. Upplýsingar um uppkomur, blót og annað má finna á vef okkar, asatru.is og á Facebook-síðu okkar.

*Með virðingu og vinsemd,
Hallur Guðmundsson*